



Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfsseignarstofnun

Viðbragðsáætlun vegna fáliðunar í leikskóladeild Skóla Ísaks Jónssonar

Tilgangur

Viðbragðsáætlunin er sett fram til að tryggja öryggi barna, starfsfólks og halda uppi starfsemi leikskóladeildarinnar jafnvel við skerta starfsaðstöðu. Áætlunin er neyðarráðstöfun til að takast á við manneklun af ýmsum ástæðum.

Markmið

- Að tryggja öryggi barna og starfsfólks í leikskólanum.
- Að viðhalda kennsluhlutverki í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla 2011.
- Að fyrirbyggja ofálag á starfsfólki og tryggja gott starfsumhverfi.

Skilgreining á fáliðun

Fáliðun er þegar fjöldi starfsmanna er ekki nægur til að tryggja öryggi og velferð barna, miðað við fjölda þeirra og þörf hverju sinni. Helstu ástæður fáliðunar eru:

- Veikindi starfsfólks eða fjölskyldumeðlima.
- Lokanir vegna náttúruhamfara, veðurs eða faraldurs.
- Erfiðleikar við að ráða starfsfólk í stöður.

Aðgerðir til að mæta fáliðun

Forvarnir

- Skipuleggja starfsmannahald með skýrum verklagsreglum.
- Virkja sveigjanlegan vinnutíma fyrir starfsfólk í hlutastarfi.
- Halda utan um afleysingaskrá fyrir tímabundnar þarfir.



Skóli Ísaks Jónssonar Sjálfseignarstofnun

Viðbrögð við faliðun

Ef ekki næst að manna deildir á fullnægjandi hátt:

1. Færa starfsfólk á milli deilda eftir þörfum.
2. Kalla inn afleysingastarfsmenn ef mögulegt er.
3. Lengja daglegan vinnutíma hlutastarfsmanna með yfirvinnu.
4. Fresta styttingu vinnuviku starfsmanna tímabundið.
5. Beita skerðingu á dvalartíma barna eða senda hluta barna heim.

Framkvæmd skerðingar á dvalartíma

1. Ákvörðun: Stjórnendur meta aðstæður og ákveða skerðingu í samráði við aðra starfsmenn.
2. Jöfn skipting: Allir hópar fá jafna skerðingu.
3. Tilkynning: Foreldrar fá viðvörðun eins fljótt og unnt er í gegnum Mentor eða símtöl.
4. Systkini: Börn systkina halda sig heima á sama tíma.
5. Undantekningar: Börn starfsfólks skulu ekki send heim.

Fjárhagsleg atriði

Leikskólagjöld eru felld niður þann tíma sem börn dvelja ekki í leikskólanum vegna skerðingar.

Lokaorð

Viðbragðsáætlunin er leiðbeinandi og á að tryggja öryggi og fagleg vinnubrögð við erfiðar aðstæður. Hún byggir á sanngirni, skipulagi og ábyrgð gagnvart börnum, foreldrum og starfsfólki. Frekari upplýsingar fást hjá stjórnendum Skóla Ísaks Jónssonar.